

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Vesturbyggð.

Óveruleg breyting á deiliskipulagi Langholts og Krossholts.

Bæjarstjórn Vesturbyggðar samþykkti á fundi sínum 15. nóvember 2023 tillögu að breytingu á deiliskipulagi Langholts og Krossholts. Tillagan fól í sér að breyta legu aðkomuvegar um svæðið en áður skilgreint vegstæði þykir ekki ákjósanlegt vegna bleytu. Afmörkun og stærð tveggja lóða breyttust með færslu vegarins. Deiliskipulagið var grenndarkynnt með athugasemdafrest til 16. október 2023.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Patreksfirði, 17. nóvember 2023.

Óskar Örn Gunnarsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 28. nóvember 2023